

Ed. 461. Frumvarp til laga
um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

I. KAFLI

Markmið skólans og skipulag.

1. gr.

Markmið stýrimannaskólans er að veita þá fræðslu, er þarf til að standast hið minna og meira fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórpróf á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Skólinn starfar í fjórum deildum, eins árs deild fyrir hið minna fiskimannapróf, tveggja ára deild fyrir hið meira fiskimannapróf og farmannapróf, og auk þess í sérstakri deild fyrir skipstjórpróf á varðskipum ríkisins.

II. KAFLI

Kennslan.

3. gr.

Í skólanum skal kenna:

Stærðfræði, siglingafræði, íslenzku, dönsku, ensku, þýzku, eðlisfræði, vélfræði, sjórétt, veðurfræði, hjúkrunarfræði, bókhald, viðskiptafræði, sjómennsku og leikfimi; auk þess þær fræðigreinar, sem krafizt er sérstaklega fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins.

III. KAFLI

Próf.

4. gr.

Í skólanum skulu auk inntökuþrófs, sem aðeins er fyrir farmannadeild, vera þessi próf: hið minna fiskimannapróf, hið meira fiskimannapróf, farmannapróf og skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

Nemandi, sem lokið hefir gagnfræðaprófi, þarf eigi að ganga undir inntökuþróf í farmannadeild, séu eigi liðin 3 ár frá því hann lauk prófinu.

5. gr.

Til hins minna fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (munnleg):

Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, almenn brot, tugahrot, hlutföll talna, um einföldustu atriði flatarmálsfræðinnar, þekking á mælikvörðum lína og horna og leikni í að nota þá.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Þekking á jarðarhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, lengd og breidd. Kompásínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og á notkun hans, á misvísun, halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún verði fundin með jarðlægum athugunum; á skriðmæli, vegmæli, grunn- og djúplóði.
3. Skyn á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.
4. Þekking á dagbókarhaldi, leiðarreikningi, straumi, drift, að setja stefnu skipsins og á að finna stað skipsins á kortinu.
5. Að kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.

Sjómennska (munnleg):

Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8. bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það nokkurnveginn. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Þeir skulu geta farið sæmlega með íslenzkt mál í ræðu og riti, sérstaklega í þeim efnum, er til stöðu þeirra heyra.

Sjóréttur (munnlegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er snerta rétt og skyldur skipstjóra.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Að geta veitt algengustu hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla. Að kynnast sóttvarnareglum, sem skipum er skylt að hlýða.

6. gr.

Til hins meira fiskimannaprófs útheimtist:

Stærðfræði (munnleg):

Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og ennfremur:

- a) Í reikningi: Notkun logaritma.
- b) Í flatarmálsfræði: Beinar línur. Horn. Hringurinn. Marghyrningur. Sporbaugur. Reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum. Rétt-hyrndur þríhyrningur. Einslaga og samfalla þríhyrningar. Flatarmál hrings og marghyrninga. Uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
- c) Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra rétthyrndra þríhyrninga eftir henni.
- d) Í rúmfræði: Útreikningi rúmtaks, ferstrendings og sivalnings.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.

Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.

Að kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.

Þekking á hæðarleiddréttungum himinhnatta og að kunna að finna breiddina af athugun sólar eða fastastjarna í hádegisbaug.

Þekking á sextanti og notkun hans.

Að kunna að finna misvisun eða segulskekkju við viks-(amplitude)athugun sólar og við azimutathugun sólar eða stjarna.

Þekking á hallasegulskekkju.

Að kunna að finna misvisun eða segulskekkju af athugun pólstjörnnunnar. Staðarákvarðanir með radiómiðunum.

Sjómennska (munnleg og verkleg):

Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og ennfremur þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morse-stafrófi.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Nokkuð fyllri þekking en til minna fiskimannaprófsins.

Danska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku.

Enska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

Sjóréttur (munnlegur):

Nokkuð fyllri þekking en til hins minna fiskimannaprófs.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áhersla á þessi atriði:

Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma.

Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.

Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengi, matvæli og fæði skipverja.

Vélfræði (munnleg):

Einföldustu atriði mótfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

Bókhald:

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

Auk þess sé nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku og veðurfræði.

7. gr.

Til farmannaprófsins útheimtist: hið sama og til meira fiskimannaprófsins og ennfremur:

Stærðfræði (skrifleg og munnleg):

- a) Í reikningi: Fyllri þekking á veldi og rót og á logaritmum. Reikningur með viðlægum og frádrægum stærðum með tölum og bókstöfum. Einfaldur vaxtareikningur. Einfaldar líkingar.
- b) Í flatarmálsfræði: Skyn á rétthyrndu Koordinatkerfi.
- c) Í rúmfræði: Afstaða beinnar línu til flatar og flata innbyrðis. Þekking prisma, strýtu, keilu, kúlu, sivalnings og á línunum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Skyn á bogahornum og bogaprihyrningum. Rúmtak prisma, strýtu, keilu, kúlu og sivalnings.

Í ofangreindum atriðum stærðfræðinnar er þess eins krafizt, sem nauðsynlegt er að nemandinn viti til skilnings á því, sem kennt er í siglingafræði, sjómennsku, eðhsfræði og vélfræði.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Hið sama og krafizt er til meira fiskimannaprófsins og auk þess:

Kompásleiðréttingar. Djúpmælar.

Að búa til vaxandi kort.

Þekking á segulskekkjumælinum (Deflector) og notkun hans við segulskekkjurannsóknir. Hættuhorn. Fyllri þekking á himintunglum.

Að kunna að finna breiddina af athugun sólar, fastastjörnu og reikistjörnu í og fyrir utan hádegisbaug, og að kunna að finna breiddina af athugun tunglsins í hágöngu.

Að kunna að fara með sjóúr og finna stöðu þess og daglegan gang.

Að kunna að finna lengdina með sjóúrinu og hæð sólar, fastastjörnu eða reikistjörnu.

Að kunna að finna stað skipsins með staðarlínunum byggðum á athugunum sólar, tungls, fastastjörnu eða reikistjörnu.

Þekking á notkun helztu raf- og radiótækja, sem notuð eru við siglingar.

Vélfræði (munnleg):

Þekking algengra einvéla ásamt kötlum og hjálparvélum. Hestöfl, eldsneytiseyðsla og gæzla vélarinnar.

Þekking á algengustu mótörvélum, einkum dieselvélum, og gæzlu þeirra, ásamt hjálparvélum og eldsneytiseyðslu.

Eðlisfræði (munnleg):

Þekking á eðlisfræðilegum eiginleikum hluta. Jafnvægi og hreyfing fastra, fljótandi og loftkenndra hluta, þyngdarlögmál.

Samstilling og sundurliðun afla. Einfaldar vélar. Eðlisþyngd. Dælur. Loftþyngdarmælar. Aðaldrættir hitafræðinnar. Einfaldar reglur um hljóðið, ljósið, rafmagn og rafsegulmagn.

Sjómennska (skrifleg og munnleg):

Hið sama og til meira fiskimannaprófs og ennfremur:

- a) Skipagerð: Stutt lýsing á byggingu skipa, rúmlestir, djúprista, afturhlæðni og stöðugleiki. Viðhald skipa á sjó og landi. Áhrif skrófu og stýris.

Vatnsþéttar skiljur og tæmingartæki.

Helztu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa.

- b) Sjómennska: Bátar og notkun þeirra. Tæki til fermingar og affermingar skipa. Meðferð farms og kjölfestu.

Öryggisráðstafanir við skipströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Einfaldur jafnvægisreikningur með tilliti til fermingar og affermingar skipa. Línubysstur og önnur bjargtæki. Notkun leiðalýsinga o. fl. þ. h.

Notkun taflna um styrkleika, aðallega þeirra hluta, sem notaðir eru við fermingu og affermingu skipa.

Skyldur stýrimanns á verði.

Landafræði og veðurfræði (munnleg):

Stutt yfirlit yfir landslag hinna helztu meginlanda. Helztu skipgengar ár og fljót. Heimshöfin og helztu siglingaleiðir. Helztu verzlunarborgir.

Skyn á helztu loft- og sjávarmælitækjum. Skipting hitans á yfirborði jarðar. Vatnsgufa loftsins; ský og úrkoma. Veðurfregnir og veðurkort.

Rafmagn í gufuhvolfinu. Loftþrýstingur. Vindar og lögmál þeirra. Þekking helztu hafstrauma.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það vel. Efnið skal þannig valið, að nemendur læri sem flest orðtök, er að sjómennsku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært það af íslenskri málfræði, er þarf til þess að fara vel með íslenskt mál í ræðu og riti, og geta skrifað á allgóðu máli og með góðri stafsetningu ritgerð um efni, er snertir sjóferðir, og samið laglega skjöl þau og skilríki, er staða þeirra heimtar.

Danska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, einkum um lif og störf sjómanna, og geta talað dönsku sæmlega, einkum um það, er sjómennsku snertir, og að geta gert léttan danskan stíl.

Enska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti, einkum um líf og störf sjómanna, skilja „Nautical Almanac“ og geta talað ensku nokkurnveginn, einkum um það, er sjómennsku tilheyrir.

Þýzka (skrifleg og munnleg):

Krafizt er sömu kunnáttu og í ensku.

Sjóréttur (munnlegur):

Nokkuð fyllri þekking en til hins meira fiskimannaprófs, einkum um farmbréf og farmskirteini.

Hjúkrunarfræði (munnleg):

Nokkuð fyllri þekking en til hins meira fiskimannaprófs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Bókhald og viðskiptafræði (skrifleg og munnleg):

Þau atriði, er farmmenn skiptir mestu og staða þeirra heimtar.

8. gr.

Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins útheimtist:

1. Að nemandi hafi lokið farmannaprófi og hlotið meðaleinkunnina 6 að minnsta kosti.
Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir, sem fengið hafa skipstjóraréttindi á varðskipum ríkisins þegar lög þessi öðlast gildi.
2. **Stórskotafraði (munnleg og verkleg):**
 - a) Þekking á þyssum varðskipa ríkisins, notkun þeirra og hirðingu.
 - b) Þekking á fjarlægðamælum og notkun þeirra.
3. **Ljósfræði (munnleg):**
Þekking á frumatriðum ljósfræðinnar, prismaglerjum og öðrum sjón-glerjum.
4. **Mælingafræði (skrifleg og munnleg):**
 - a) Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana.
 - b) Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðinni til út-sendingar í vaxandi kort.
 - c) Þekking á leiðréttingu sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistað-anna.
5. **Alþjóðamerki (verklegt):**
Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga. Leikni í að nota handflögg til merkjagjafa eftir alþjóðareglum.
6. **Alþjóðaréttur (munnlegur):**
Helztu ákvæði milliríkjasamninga um gæzlu landhelginnar og um fisk-veiðar á hafinu. Þýðing og gæzla landhelginnar á ófriðartímum.
7. **Enska (skrifleg og munnleg):**
Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en útheimtist til farmannaprófs.
8. **Þýzka (skrifleg og munnleg):**
Sama kunnátta og í ensku.

9. Líkamsæfingar:

Kunnátta í algengri leikfimi, og æfing í að stjórna leikfimiflokki.
Róðraræfingar og kunnátta í að stjórna bátum.

9. gr.

Við inntökupróf og burtfararpróf skulu auk kennarans, sem prófar, vera tveir prófdómendur í hverri grein, og skipar stjórnarráðið til þess sérfræðinga eftir föngum.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði.

10. gr.

Vilji maður ganga undir burtfararpróf skólans án þess að hafa stundað þar nám, skal hann senda kennslumálaráðuneytinu beiðni um það tveim mánudum áður, og skal fylgja beiðninni vottorð um, að umsækjandi fullnægi kröfum þeim, er segir í 1.—6. lið 12. gr. þessara laga, og vottorð um þann undirbúning, er hann hefir fengið.

11. gr.

Þeir, sem staðizt hafa burtfararpróf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskirteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskirteinin skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórhjóðamáli, nema hið minna fiskimannaprófskirteini, sem aðeins skal gefið út á íslenzku.

IV. KAFLI

Inntaka nemenda.

12. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru:

1. Að fullnægja kröfum reglugerðar um siglingatíma.
2. Að hafa lokið námi á sjó-vinnunámskeiði, sem greinir í 20. gr., eða að hafa vottorð frá stjórnanda slíks námskeiðs um, að hann kunni það, sem þar er kennt.
3. Að hafa þá sjón, heyrn og málfæri, sem yfirmannsstaða heimtar.
4. Að kunna sund.
5. Að vera ekki haldinn af neinum næmum sjúkdómi eða líkamskvilla, er orðið geti öðrum nemendum skaðvænn.
6. Að hafa óflekkað mannorð.

13. gr.

Farmannaprófsnemendur skulu hafa þá þekkingu í íslenzku, dönsku, ensku, þýzku og stærðfræði, er reglugerð áskilur.

V. KAFLI

Kennslutími.

14. gr.

Skólinn starfar frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til aprílloka.

VI. KAFLI

Kennarar skólans.

15. gr.

Við stýrimannaskólann skulu auk skólastjóra vera að jafnaði tveir skipaðir kennarar, aðstoðarkennari í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

16. gr.

Til þess að geta orðið skólastjóri stýrimannaskólans, verður hlutaðeigandi að hafa lokið farmannaprófi skólans og síðan viðtækara farmannaprófi við erlendan skóla, hvorttveggja með góðum vitnisburði.

Til þess að verða aðstoðarkennari í siglingafræði, verður hlutaðeigandi að hafa lokið að minnsta kosti góðu farmannaprófi við skólann.

Til þess að verða tungumálakennari skólans, verður hlutaðeigandi að hafa lokið embættisprófi í einhverju af þeim málum, sem kennd eru við skólann. Þó má veita undanþágu frá þessu ákvæði þeim, sem reyndur er að nægri kunnáttu og kennarahæfileikum.

Enginn getur fengið veitingu fyrir embætti við skólann, nema hann hafi verið settur til að gegna því í eitt ár að minnsta kosti.

Stundakennara setur ráðuneytið samkvæmt tillögum skólastjóra.

VII. KAFLI

Ýmisleg ákvæði.

17. gr.

Yfirstjórn skólans hefir kennslumálaráðuneytið.

18. gr.

Með reglugerð verður nánar ákveðið um tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir, inntöku nemenda í skólann, kennslutíma og leyfi, reglu og aga, kennara skólans og skólalækni.

19. gr.

Námskeið, er veita þá fræðslu, sem þarf til að standast hið minna fiskimannapróf, getur kennslumálaráðuneytið falið skólastjóra stýrimannaskólans

að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri, Norðfirði og í Vestmannaeyjum.

Námskeiðin skulu haldin annaðhvert ár á hverjum stað. Skulu þau standa frá byrjun októbermánaðar og eigi skemur en til janúarloka.

Í reglugerð fyrir stýrimannaskólann verður ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin.

Prófdómendur skulu vera 3 við minna fiskimannaprófið, kennari námskeiðsins og tveir siglingafróðir menn aðrir, er ráðuneytið skipar samkvæmt tillögum skólustjóra stýrimannaskólans. Skal annar þeirra vera formaður prófnefndar.

Báðir hinir síðartöldu skulu vera dómendur við prófin alstaðar utan Reykjavíkur.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr rikissjóði.

20. gr.

Kennslumálaráðuneytið getur falið skólustjóra stýrimannaskólans að láta halda námskeið í sjóvinnufræði, í Reykjavík á hverju ári og annaðhvert ár á þeim stöðum utan Reykjavíkur, sem getur um í 19. gr., ef næg þátttaka er fyrir hendi.

Námskeiðin skulu haldin að haustinu og standa eigi skemur en 1 mánuð.

Ráðuneytið setur reglugerð um námskeiðin, tilhögun þeirra, námsgreinar, kennslugjöld og nemendafjölda.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1936, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 17 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af millipinganefnd í siglingamálum, og flytur sjávarútvegsnefnd það að ósk atvinnumálaráðherra, en nefndarmenn eru óbundnir um breytingartillögur, er fram kunna að koma. Frá millipinganefndinni fylgdu frv. svo hljóðandi

A t h u g a s e m d i r :

Eins og aðrar fræðigreinar tekur siglingafræðin, ásamt annari kunnáttu, sem skipstjórnarmönnum er talin nauðsynleg, framförum og breytingum, vegna vaxandi þekkingar og tækni. Aðferðir og tæki úreltast og nýtt og hagkvæmara kemur í stað hins gamla, en að sama skapi breytast kröfurnar, sem gerðar eru til þeirra, sem skipunum stjórna. Þar af leiðir, að lög og reglugerðir, er að fræðslu skipstjóraefna lúta, verður að endurskoða og breyta til samræmis við kröfurnar á hverjum tíma, og samkvæmt þessu er frumvarp til laga um stýrimannaskólann í Reykjavík komið fram.

Í frumvarpinu felast ýmsar breytingar frá núgildandi lögum, en að langmestu leyti standa þær í sambandi við kröfurnar til skipstjórnar og stýrimennsku á stærri verzlunarskipum og á varðskipum ríkisins. En yfirleitt eru kröfurnar

um sjófræðilega þekkingu skipstjórnarmanna auknar frá því, sem nú er, og er í því efni fylgt sömu stefnu og ræður hjá öðrum siglingaþjóðum.

Um fyrirkomulag og starfshætti skólans er að mestu farið eftir núgildandi lögum, en vegna þess, hve mörgu nýju er bætt við kröfurnar í farmannadeild, er inntökupróf í þá deild þyngt til muna frá því, sem nú er, til þess að skóla-tíminn fari sem minnst fram úr því, sem tiltekið er í frumvarpinu, þó nefndin geri hinsvegar ráð fyrir, að óhjákvæmilegt verði að lengja nokkuð frá því, sem nú er.

Þá er sú breyting gerð, að ætlazt er til þess, að tvenn fiskimannapróf verði veitt við skólann, og er það afleiðing af frumvarpi til laga um atvinnu við siglingar, sem lagt hefir verið fyrir Alþingi það, er nú situr. Minna fiskimannaprófið, sem er nýtt við skólann, er ætlazt til að verði haldið á hverju ári í Reykjavík, en annaðhvert ár á hverjum stað úti um land, og verður það að álitast nægilegt með tilliti til nauðsynlegrar fjölgunar skipstjóraefna á minni fiskiskipum. Það árið, sem ekki er haldið námskeið í siglingafræði á þessum stöðum, er ætlazt til, að haldið verði námskeið í sjóvinnufræði, og er þetta nýmæli í lögum, en vegna þess, hve mjög umhirðu og meðferð skipa er víða ábótavant, á með námskeiðunum að gera tilraun til þess að ráða bót á þessu, svo að skipin tapi síður verðmæti og öryggi vegna vankunnáttu í meðferð þeirra og viðhaldi. Námskeið þetta verður að sjálfsgöðu að halda á hverju ári í Reykjavík, enda er það eitt af inntökuskilyrðunum í skólann, að hafa lokið þar námi. Er það ákvæði sett og látið ná til allra deilda skólans, vegna þess að eigi mun ótítt, að menn hafi náð fullum siglingatíma til þess að teljast fullgildir hásetar, án þess að hafa þá verklegu kunnáttu, sem krefjast verður af slíkum sjómanni, og sem yfirmenn ennþá síður má bresta.

Kröfurnar til meira fiskimannaprófsins eru nærfellt hinar sömu og til núverandi fiskimannaprófs. Þó er bætt við nokkurri þekkingu í vélfræði, og lítilsháttar í rúmfræði og segulskekkjufræði. Einnig er bætt við merkjagjöfum eftir Morse-kerfi.

Eins og áður er sagt, hafa kröfurnar til farmannaprófsins verið þynngdar til muna frá því, sem nú er. Þar eð hér er aðeins eitt farmannapróf, þykir sjálf-sagt, að það geri menn svo vel úr garði hvað þekkingu snertir, að þeir standi sem minnst að baki samskonar yfirmönnum annara þjóða. Hér er því bætt við fræðigreinum, sem almennt eru kenndar við erlenda skóla og yfirmönnum verzlunarskipa er talið nauðsynlegt að kunna, en ýmislegt annað, sem kennt er annarsstaðar og frekar má án vera, ekki tekið með. Með þessu móti er ætlazt til, að farmannaprófið verði sem mest hliðstætt t. d. stýrimannaprófinu danska, og þó nokkuð fyllra, því sumt er hér tekið með, sem ekki lærast í Danmörku fyrr en til skipstjóraprófs, svo sem veðurfræði, sigling eftir stórbaug o. fl. Í sjómennsku eru einnig nokkur atriði fram yfir það, sem kennt er til danska stýrimannaprófsins, og er ætlazt til, að nemendur svari spurningum í þeim fræðum, skriflegum og munnlegum, við farmannaprófið, en aftur er nemendum fiskimannadeildanna gert að skyldu að hlýða á fyrirlestra um þessi efni án þess að ganga undir próf í þeim, og er eigi ætlazt til, að það nám verði jafnyfirgripsmikið og fyrir farmenn.

Enda þótt frumvarpið geri aðeins ráð fyrir einu farmannaprófi, hefir það nýmæli verið tekið upp, að hafa sérstakt próf fyrir yfirmenn á varðskipum ríkisins. Hið helzta af því, sem krafizt er til þessa prófs, sem hefir verið nefnt skipstjóraráróf á varðskipum ríkisins, eru fræðigreinar, sem verður að telja óhjákvæmilegt, að skipstjórar og jafnvel stýrimenn á varðskipum ríkisins þekki, vegna þeirrar ábyrgðar og þess vanda, er staða þeirra leggur þeim á herðar, enda telur nefndin æskilegt, að lögunum um varðskip ríkisins verði breytt á þann veg, að þeir einir geti eftirleiðis öðlazzt skipstjóraréttindi á þeim skipum, sem lokið hafa þessu prófi. Eitt af skilyrðunum til þess að ganga undir þetta próf er, að hlutaðeigandi hafi lokið farmannaprófi með ákveðinni lágmarkseinkunn, en með þessu er m. a. stefnt að því, að á varðskipin veljist að jafnaði hinir færustu menn. Hinsvegar nær þetta ákvæði eigi til þeirra, sem þegar hafa öðlazzt skipstjóraréttindi á varðskipunum, þó einhverjir þeirra vildu afla sér þessarar viðbótarþekkingar, en hefðu eigi tilskilda lágmarkseinkunn.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýringa við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Greinar þessar eru hliðstæðar 1. og 2. gr. laga nr. 17 4. júní 1924, en hér er gert ráð fyrir hinum tveim nýju prófum, minna fiskimannaprófinu og skipstjórarárófinu á varðskipum ríkisins. Að öðru leyti þurfa greinarnar ekki skýringar við.

Um 3. gr.

Frá því, sem var, er hér bætt við þýzku, veðurfræði, sjómennsku og leikfimi. Þýzka er hér tekin upp vegna þess, að siglingar til Þýzkalands eru nú orðnar tíðar með íslenskum skipum, og er mjög æskilegt, að yfirmenn skipanna geti skilið það mál og talað nokkuð. Einnig er fjöldi þýzkra veiðiskipa hér við land árlega, og er nær óhjákvæmilegt fyrir yfirmenn varðskipanna að hafa nokkra kunnáttu í því máli.

Veðurfræði er hér tekin með sem námsgrein, vegna þess að hana þykir nú sjálfsagt að kenna við alla helztu farmannaskóla erlendis, enda oft hentugt fyrir farmenn að geta hagnýtt sér veðurfregnir og notað og útbúið veðurkort, einkum á farþegaskipum.

Undir sjómennsku eru teknar ýmsar fræðigreinar, sem koma farmönnum að notum við dagleg störf þeirra og undir sérstökum kringumstæðum, þegar vanda ber að höndum, svo sem við skipströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl., og í þessari grein eru flestar viðbætur frá því, sem nú er. Undanfarin ár hafa verið haldnir fyrirlestrar við skólann um ýmislegt af þessu tægi, en hvorki hefir það verið skyldunámsgrein hingað til né spurt í því við próf. Gert er ráð fyrir, að fyrirlestrum þessum verði haldið áfram við fiskimannadeildirnar, en að farmenn læri um þessi efni af bókum og gangi undir skrifleg og munnleg próf í þeim. Við það verður fræðslan öruggari og haldbetri fyrir nemendurna.

Leikfimikennsla mun nú orðin ein af föstum námsgreinum við flesta ef ekki alla skóla, og virðist því sjálfsagt, að nemendur sjómannaskólans njóti þeirrar hollustu og uppörvunar, sem líkamsæfingar veita.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um kröfurnar, sem gerðar eru til minna fiskimanna-prófsins, sem eins og kunnugt er kemur í stað núverandi smáskipaprófs. Þar eð þetta próf á að veita viðtækari réttindi en smáskipaprófið, eru kröfurnar eðli-lega auknar. Stærðfræðikunnátta er aukin nokkuð og tekur nú m. a. yfir ein-földustu atriði flatarmálsfræðinnar. Kunnátta í siglingafræði er og aukin og mun meiri kröfur gerðar til þekkingar nemenda á segulafli og verkanir þess á kompásinn, ennfremur í leiðarreikningi og dagbókarhaldi. Í íslenzku eru kröf-urnar auknar til muna frá því, sem nú er, og nálgast það, sem áður hefir verið krafizt til fiskimannaprófsins. Hér er einnig bætt við kunnáttu í sjórétti, sem ætlazt er til, að nái yfir þær greinar hans, sem hverjum skipstjóra er nauðsyn-legt að vita. Ennfremur er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í almennri sjómennsku.

Um 6. gr.

Þessi grein fjallar um kröfurnar til meira fiskimannaprófsins, og er að efni til samhljóða 5. gr. hinna eldri laga, með þeim viðbótum, sem getur um hér að framan, en ákvæðin um stærðfræðikunnáttu eru skilin frá siglinga-fræðinni.

Um 7. gr.

Þessi grein fjallar um kröfurnar til farmannaprófsins og kemur í stað 6. gr. hinna eldri laga. Stærðfræðin er hér greind í sundur frá siglingafræðinni og vélfræðin og eðlisfræðin eru felldar inn í kröfurnar til sjálfs farmannaprófs-ins, en í þessum greinum hefir áður verið tekið sérstakt próf, að afloknu far-mannaprófinu. Einkunnir fyrir þessar fræðigreinar hafa því samkvæmt frum-varpinu áhrif á heildareinkunn prófsins, en svo hefir eigi verið áður, sem hefir meðal annars verið orsök til þess, að piltar hafa yfirleitt slegið um of slöku við nám í þessum greinum.

Í stærðfræði er því bætt við, að nemendurnir eiga að bera skyn á bókstafa-reikning og einfaldar líkingar með einni og tveim óþekktum stærðum. Er þetta nauðsynlegt vegna þess, sem þeim er gert að læra í jafnvægisreikningi, en hann heyrir undir þá grein sjómennsku, er viðkemur hleðslu skipa, afturhlæðni og stöðugleika. Þekking sú á rétthyrndu Koordinatkerfi og á bogahornum, sem til-tekin er í frumvarpinu, er lítið meiri en nemendur hafa lært áður í þeim greinum.

Þar sem bætt hefir verið við í siglingafræði, hefir verið gerð grein fyrir hér að framan, nema notkun helztu raf- og radiótækja, sem notuð eru við siglingar, en þekkingu á þeim tækjum er nauðsynlegt að farmenn hafi, vegna vaxandi notkunar þeirra í skipum.

Öðrum atriðum þessarar greinar, sem nýmæli eru, hefir verið gerð grein fyrir hér að framan.

Um 8. gr.

Þessi grein fjallar um kröfurnar til skipstjóra-prófs á varðskipum ríkisins og er nýmæli í lögum. Eins og áður er tekið fram, er flest af ákvæðum grein-

arinnar um atriði, sem þeim mönnum, er hún á við, er nauðsynlegt að vita starfsins vegna. Ákvæðið um, að lágmarksmeðaleinkunnina 6 þurfi til þess að mega ganga undir prófið, er miðað við, að hæsta einkunn, sem gefin er, verði 8 eins og nú er. Við athugun prófskirteina sést, að minni hluti nemenda nær þessari meðaleinkunn, en þó svo margir, að vöntun á mönnum til þessa starfs ætti ekki að geta orðið, einkum þar eð gera má ráð fyrir, að flestir, sem þess eiga kost, muni læra undir prófið, ef ekki til annars, þá til þess að hafa einnig þá leið opna að prófinu loknu. Þá verður að teljast nauðsynlegt, að yfirmenn varðskipanna þekki öll tæki, sem þeir eiga að stjórna, svo sem byssur, fjarlægðarmæla o. þ. h., og kunni að beita þeim.

Einnig verða þeir að geta kennt það öðrum, því að meðan engar fastar skyttur eru ráðnar á skipin, má alltaf búast við, að vöntun geti orðið á hæfum mönnum til þess starfa, séu yfirmennirnir ekki færir um að stjórna tækjunum og kenna það öðrum. Í sambandi við þessi tæki og önnur, sem daglega eru notuð, stendur það, sem krafizt er af þekkingu í ljósfræði.

Fyllri þekking í mælingafræði en kennd er við venjulega siglingaskóla getur orðið hverjum varðskipstjóra nauðsynleg, til þess að staðfesta gildi staðar-ákvarðana í sambandi við töku skipa í landhelgi, en þetta verður varðskipaforinginn að vita eins vel eða betur en nokkur sakhörningur innlendur eða útlendur, sem hann hefir viðskipti við, og margir þessara manna hafa mikla sjófræðilega menntun. Þá verður einnig að krefjast nægrar þekkingar varðskipaskipstjóra í alþjóðasamningum og reglum, er lúta að rétti og gæzlu landhelginnar, bæði á friðar- og ófriðartímum, svo þeir séu færir um, sem útverðir íslenzkrar lög-gæzlu, að gæta réttar landsmanna út á við, eftir því sem staða þeirra heimtar.

Aðrir liðir þessarar greinar eru framhaldsþekking í þeim fræðum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir til farmannaprófsins, og þarfnast því ekki skýringar.

Um 9., 10. og 11. gr.

Þessar greinar eru hliðstæðar 7., 8. og 9. gr. eldri laga og þurfa ekki skýringa við.

Um 12. gr.

Í þessari grein er aðeins eitt nýmæli, þ. e. stafl. 2. um sjóvinnunámskeið, en fyrir því hefir verið gerð grein hér að framan.

Um 13.–18. gr.

Þessar greinar eru ýmist hliðstæðar greinum hinna eldri laga, eða þurfa eigi skýringa.

Um 19. gr.

Þessi grein fjallar um námskeið fyrir minna fiskimannaprófið ntan Reykjavíkur. Svo gildar ástæður mæla með því, að þessi próf verði einnig haldin utan Reykjavíkur, að hjá því verður varla komizt. Staðirnir eru hinir sömu og voru áður fyrir smáskipaprófið, nema að Norðfjörður kemur í stað Seyðisfjarðar, og er þessi breyting gerð vegna legu kaupstaðarins, útgerðar og mannfjölda. Þá er það nýmæli tekið npp að samræma prófin með því að hafa sömu prófdóm-

endur alstaðar á landinu utan Reykjavíkur, og er það gert til þess að koma í veg fyrir, að mönnum með ónógri kunnáttu sé veitt próf, en á því þykir hafa borið nokkuð sumstaðar úti um land.

Hingað til hafa smáskipaprófin úti um land verið að meira eða minna leyti haldin að tilhlutun Fiskifélags Íslands eða deilda þess, og nemendurnir borið kostnaðinn við námskeiðin, stundum með lítilsháttar styrk frá Fiskifélaginu. Kostnaður við prófin hefir verið greiddur úr ríkissjóði. Um leið og námskeiðin eru sett undir yfirstjórn hins opinbera þykir og rétt, að það beri einnig allan kostnað, sem af þeim leiðir, og að um leið verði þau aðeins haldin á hinum lögboðnu stöðum, enda myndi annað valda erfiðleikum vegna krafna um sjóvinnunámskeið og sömu prófnefnd á öllum stöðum, því að sjálf-sögðu yrðu prófin haldin sem næst á sama tíma alstaðar.

Um 20. gr.

Fram yfir það, er segir að framan, þarf greinin ekki skýringa við.

Um 21. gr.

Þarf ekki skýringa við.